

Mánudaginn 11. marz 1946.

Nr. 114/1945. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Hrl. Sigurður E. Ólason)

gegn

Viggó Björgólfssyni

og gagnsök. (Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thoróddsen
og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyj-
ólfssonar.

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 10. september 1945, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 31. ágúst s. á., og gert þær dómkröfur, aðallega að hin-
um áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið á þá leið, að hin
umstefnda skaðabótaupphæð verði lækkuð verulega eftir
mati dómsins, en til vara hefur hann krafizt þess, að dómur-
inn verði staðfestur. Hann hefur og krafizt þess, að máls-
kostnaður í héraði verði látinn falla niður, en sér dæmdur
málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hálfu
stefnda hefur málinu samkvæmt áfrýjunarleyfi, dags. 24.
september 1945, verið gagnáfrýjað með stefnu, dags. 29.
september s. á. Krefst gagnáfrýjandi þess, að allar kröfur
sínar í héraði verði teknar til greina og sér dæmdur máls-
kostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Bótakrafa gagnáfrýjanda er í fjórum liðum. Tvö af kröfu-
liðunum, kostnað við nuddlækningar, kr. 281.25, og bætur
fyrir fataskemmdir, kr. 1200.00, hefur aðaláfrýjandi sam-
þykkt að greiða, og ber því að taka þá liði báða til greina.

Gagnáfrýjandi hefur enn fremur krafizt kr. 17970.79 í bæt-
ur fyrir atvinnutjón sitt. Var hann algerlega frá vinnu, frá
því er hann fékk áverkann 22. febrúar 1942 og fram í des-
ember sama árs, en vinnu fullan vinnudag hóf hann ekki
fyrir en 5. febrúar 1943. Telur hann vinnutjón sitt þenna
tíma hafa numið kr. 5138.85. Auk þess framlengdist náms-

timi hans vegna slyssins um 50 vikur, þannig að hann lauk eigi iðnprófi sínu fyrr en 25. september 1945, en samkvæmt námssamningi hans við Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f skyldi námi hans vera lokið 8. október 1944. Vinnutjón sitt þenna tíma, muninn á sveinakaupi og nemendakaupi, telur gagnáfrýjandi vera kr. 12831.94. Til stuðnings kröfum þessum hefur gagnáfrýjandi lagt fram ýtarlega greinargerð frá vinnuveitanda sínum um kaup og vinnutíma nemenda hans og sveina á þeim tíma, sem hér er um að ræða, og er ekkert komið fram í málinu, er hnekki henni, og verður því að telja það nægilega rökstutt, að gagnáfrýjandi hafi vegna áverkans misst af kaupi, sem nemur upphæð þessa kröfuliðs hans.

Loks hefur gagnáfrýjandi krafizt kr. 15000.00 í bætur fyrir örorku, sársauka og óþægindi. Að því er örorkuna snertir, er þess að geta, að upplýst er í hæstarétti, að tryggingayfirlæknir skoðaði gagnáfrýjanda hinn 6. þ. m., og reyndist ástand hans í öllum verulegum atriðum óbreytt frá því, sem það var 9. maí 1944, og taldi læknirinn örorkuna óbreytta. Að þessu athuguðu verður eigi talið, að þessi kröfuliður gagnáfrýjanda sé of hár.

Í héraði var borin fram af hálfu aðaláfrýjanda sú varnarástæða, að lækka bæri bótakröfu gagnáfrýjanda vegna þess, að hann hafi að nokkru leyti átt sök á slysinu sjálfur. Héraðsdómarinn taldi ástæðu þessa of seint fram komna og lagði því eigi dóm á hana. Hæstiréttur telur þó eftir atvikum rétt að taka vörn þessa til athugunar samkvæmt 113. gr. laga nr. 85/1936.

Um varnarástæðu þessa er þess að geta, að engu hanni hafði verið lýst við umferð um bryggjuna og að engin viðvörun hafi verið birt um, að þeir, er leið áttu um hana, mættu ekki nálgast hlera þá, er á bryggjunni voru. Verður því ekki talið, að gagnáfrýjandi hafi sýnt neitt gáleysi, þótt hann gengi fram á bryggjuna og staldraði við hlerann. Í málinu liggja fyrir vitnisburðir nokkurra sjónarvotta um þenna atburð, og er engin ástæða til að rengja gildi þeirra. Vitnisburðir þessir eru samhljóða um að lýsa framkomu gagnáfrýjanda á bryggjunni svo, að hún hafi ekkert tilefni

gefið til þess, að hermaðurinn veitti honum áverkann. Verður því að telja ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 99/1943 skylt að greiða gagnáfrýjanda bætur að fullu án nokkurs frádráttar.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 281.25 + 1200.00 + 17970.79 + 15000.00 = kr. 34452.04 með 5% ársvöxtum frá 14. september 1944 til greiðsludags. Svo ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 3000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Viggó Björgólfssyni, kr. 34452.04 með 5% ársvöxtum frá 14. september 1944 til greiðsludags og samtals kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur Viggó Björgólfsson vélsmíðanemi, Strandgötu 47 í Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. september f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 22829.25 með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu, útgefinni 30. janúar s. l., breytti stefnandi kröfum sínum á þá lund, að hann krafðist bóta, að fjárhæð kr. 35091.04, auk 5% ársvaxta frá 14. september f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, en við munnlegan flutning málsins lækkaði hann kröfur sínar í kr. 34452.04 auk vaxta og málskostnaðar, sem fyrr segir.

Stefndi hefur krafizt lækknar bótakröfunnar og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög málsins eru þessi:

Hinn 22. febrúar 1942, um kl. 13.30, gekk stefnandi við annan mann niður bæjarbryggjuna í Hafnarfirði. Er þeir voru komnir á að gizka 20—30 metra niður bryggjuna, sáu þeir, að höggvið hafði verið gat á hana og settur yfir það hleri. Hægðu þeir þá gönguna og horfðu á nýsmíði þessa. Þá heyrðu þeir, að varðmaður

í herliði Bandaríkjanna kallaði til þeirra, og skildu þeir hann svo, að hann vildi bægja þeim frá hlera þessum. Hlýddu þeir þegar og gengu áfram niður bryggjuna, en varðmaðurinn elti þá og hafði í höndum byssu með áföstum byssusting. Veittist hann að förunaut stefnanda og hrakti hann með byssustingnum út á brún bryggjunnar, en stefnandi stóð kyrr á meðan. Loks hopaði varðmaðurinn nokkur skref og spennti byssugikkinn, en vopnið snerist við það í höndum hans, svo að hlaupið vissi að stefnanda, og í sömu svifum hljóp skot úr byssunni. Lenti það í vinstra læri stefnanda framanverðu, braut lærlegginn, og fór kúlan í gegn og skildi eftir lófástórt sár á aftanverðu lærinu. Var stefnandi þegar fluttur í sjúkrahús og lá þar í 182 daga. Telur stefnandi herstjórn Bandaríkjanna bera alla ábyrgð á tjóni því, er hlotizt hefur af þessum verknaði varðmannsins, og hefur hann því höfðað mál þetta til bótagreiðslu úr rikissjóði samkvæmt ákvæðum laga nr. 99 frá 1943.

Stefndi hefur stutt lækunarkröfur sínar m. a. við það, að stefnandi hafi sjálfur átt nokkra sök á slysi þessu, og sé því rétt að skipta sökinni að tiltölu. Skýrir stefndi svo frá, að á bryggjunni hafi verið tveir hlerar og undir þeim komið fyrir sprengiefni, og hafi sú ráðstöfun verið liður í landvörnum Bandaríkjanna hér, en varðmanninn hafi verið skylt að bægja á brott hverjum þeim, er léti í ljós óparfa forvitni um aðgerðir þessar, þótt eigi væru bannaðar mannaferðir um bryggjuna, ef nauðsynlegar væru. Þar eð ferð stefnanda um bryggjuna hafi verið tilefnislaus með öllu, telur stefndi, að þeir félagar hefðu átt að skilja það, er þeir sáu hermann þar á verði, að þar væri ekki heimil venjuleg umgengni, og telur hann jafnframt sennilegt, að þeir hafi þrjóskazt við fyrirskipunum hans, og telur í því sambandi, að sjónarvottar að slysinu hafi verið vilhallir vegna þjóðernis síns.

Varnarástæðu þessari hreyfði stefndi ekki fyrr en í hinum munnlega flutningi málsins, og hefur stefnandi mótmælt henni sem of seint fram kominni, auk þess að mótmæla henni sem rangri. Telja verður, að stefndi hafi haft tilefni til að bera fram þessar staðhæfingar þegar í greinargerð sinni, enda átt þess kost þá, og verður því eigi unnt að taka þær til greina gegn mótmælum stefnanda. Stefndi verður því talinn bera fulla bótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna meiðsla þessara.

Bótakrafa stefnanda er í 4 liðum:

1. Atvinnutjón	kr. 17970.79
2. Kostnaður af nuddlækningum	— 281.25
3. Fataskemmdir	— 1200.00
4. Bætur fyrir örorku, sársauka og óþægindi	— 15000.00

Samtals kr. 34452.04

Um 1. Stefnandi, sem var við vélvirkjanám hjá Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f, var frá vinnu sinni vegna slyssins til 5. febrúar 1943. Þá hóf hann vinnu fullan vinnudag, en um miðjan desember 1942 byrjaði hann til reynslu og vann þá hluta úr degi að jafnaði eða eins og hann þoldi. Samkvæmt skýrslu vinnuveitanda stefnanda hefur hann misst kaup, er nemur kr. 5138.85. Námi stefnanda skyldi verða lokið samkvæmt námssamningi hinn 8. okt. 1944. Vegna slysfara þessara framlengdist námstíminn um 50 vikur, og krefst stefnandi þess, að sér verði bættur mismunur sá, sem er á kaupi nemenda og sveina. Sá mismunur er talinn nema kr. 12831.94 samkvæmt skýrslu vinnuveitandans.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og telur fyrrgreindar skýrslur rangar og örökstuddar. Hann hefur mótmælt því, að stefnandi eigi kröfu til bóta fyrir yfirvinnukaup, þar eð nemendur eigi ekki að vinna yfirvinnu. Þá hefur hann og mótmælt stundafjölda þeim, sem stefnandi kveðst eiga kaup fyrir, og bendir þar á ákvæði iðnaðarnámslaganna nr. 96 frá 1938, þar sem hámark starfstíma nemanda er ákveðið 42 stundir á viku þann tíma, sem hann stundar bóklegt nám. Sömuleiðis hefur hann mótmælt sem örökstuddri launauppbót þeirri, 25%, sem stefnandi krefst, og talið hana ekki samrýmast landslögum. Þá hefur hann og mótmælt því, að forföll stefnanda vegna slyss þessa verði til þess að lengja námstíma hans, þar eð þau séu lögleg forföll, og muni hann geta krafizt þess að fá að ganga undir próf á tilsettum tíma, enda hafi stefnandi ekki misst af hinu bóklega námi lengur en til vors 1942.

Loks telur stefndi ofreiknaðan tíma þann, er stefnandi hafi tafizt frá náminu, þar eð hann hafi tekið upp vinnu sína um miðjan desember 1942.

Af fyrrgreindum skýrslum Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f er það ljóst, að meðaltal starfstíma nemenda hennar hefur ekki farið fram úr hámarki því, er lög nr. 96 frá 1938 setja um hann. Þá er og vitað, að launauppbót 25% var eigi gegn lögum, enda þá greidd opinberum starfsmönnum. Gegn mótmælum stefnanda og yfirlýsingum lærimeistara hans verður eigi heldur talið, að námstími stefnanda hafi hafizt á ný fyrr en 5. febrúar 1943, og ljóst er af skjölum málsins, að námstíma stefnanda verður eigi talið lokið fyrr en 25 september 1945. Með skírskotun til þessa þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 13000.00.

Um 2. og 3. Þessir kröfuliðir hafa ekki sætt sérstökum andmælum og verða því teknir til greina óbreyttir.

Um 4. Sári stefnanda og lengd sjúkrahúsvistar hans er að nokkru lýst hér að framan. Hinn 9. maí f. á. fór fram skoðun og mat á örorku hans, og kom það helzt fram, að nokkur beygja er á brotstað lærleggjarins, vöðvarýrnun nokkur og minnkað afl vöðvanna

framan á leggnum og á leggnum utanverðum. Er þetta talið geta valdið því, að stefnandi þreytist fyrir við vinnu en áður, svo og aukinni hættu á, að hann misstígi sig á ósléttu eða með þungar byrðar. Taldi lækningarnar litlar líkur fyrir auknum bata og mat örorkuna 100% fram í ársbyrjun 1943, en varanlega örorku 10—15%.

Þessum lið hefur stefndi mótmælt sem of háum. Telur hann vottorð læknisins reikult og óákveðið um það, hvort fullur bati muni fáanlegur. Í annan stað telur hann þau óþægindi, er stefnandi kann að hafa af meiðslum sínum, ekki líkleg til að valda stefnanda tekjurýrnun og bendir á, að honum hefur verið gildið fullt kaup, eftir að hann hóf vinnu á ný. Þá telur hann og, að verði litið svo á, að örorkumatið skapi stefnanda bótarétt, beri að miða bæturnar við lágmark matsins, eða 10%, og véfengir einnig í því sambandi grundvöll útreiknings stefnanda á bótum.

Af vottorði og örorkumati tryggingaryfirlæknisins er ljóst, að stefnandi mun hafa nokkur óþægindi af afleiðingum slyssins. Með hliðsjón af því svo og hinni löngu legu og öðrum þjáningum og óþægindum, er stefnandi hefur af þessu haft, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 12000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnanda bætur, samtals að fjárhæð kr. 26481.25, með vöxtum, eins og krafizt var, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði stefnanda, Viggó Björgólfssyni, kr. 26481.25 með 5% ársvöxtum frá 14. september 1944 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.